



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðasvið Suðurgata
39 101 Reykjavík (354) 570
13 00 www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sveitarfélagið Árborg
Ráðhúsinu - Austurvegi 2
800 Selfoss

miðvikudagur, 9. apríl 2025
MÍ202501-0065/ 6.09 / O.I.

Efni: Deiliskipulag vegna nýs Öryggisfangelsis að Stóra-Hrauni í Sveitarfélaginu Árborg. Mál: 1450/2024

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag á jörðinni Stóra-Hrauni í Sveitarfélaginu Árborg. Er um að ræða 114 ha spildu þar sem áformuð er bygging nýs öryggisfangelsis sem ætlað er að taki við hlutverki núverandi fangelsis að Litla-Hrauni. Ekkert deiliskipulag er í gildi á umræddu svæði.

Leitað var eftir óformlegu áliti Minjastofnunar, varðandi umrætt deiliskipulag, í desember síðastliðnum. Var sveitarfélaginu bent á að engin fornleifaskráning hafi hingað til verið gerð í landi Stóra-Hrauns, en jafnframt mælt með því að henni yrði lokið sem fyrst.

Minjastofnun ítrekar fyrri tilmæli og setur nú formlega fram þá kröfu að fornleifaskráningu verði lokið sem fyrst á deiliskipulagssvæðinu sem hér er til umfjöllunar. Fyrr getur stofnunin ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsins, með tilliti til fornleifa. Skal verkið framkvæmt af fornleifafræðingi með reynslu á sviði fornleifaskráningar og kostað af þeim sem ber ábyrgð á skipulaginu. Skal skráningin unnin samkvæmt viðurkenndum aðferðum (sjá Skráningarstaðla fornleifa. Minjastofnun Íslands 2013) og ber að taka niðurstöður hennar saman í skýrslu sem skila á til Minjastofnunar Íslands ásamt tilheyrandi gögnum (landupplýsingagögn og ljósmyndir). Ef fornleifar finnast, ber að færa staðsetningarpunkta þeirra og/eða uppmælingar inn á skipulagsupprátt.

Er þetta til samræmis við 16. gr. laga um menningarminjar nr.80/2012 þar sem segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi, deiliskipulagi eða raflínuskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir

Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri
oddgeir@minjastofnun.is

hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma. Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna.

Virðingarfyllst,



Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri

Sent: Skipulagsgátt

